



Hveragerðisbær

Íris Bjargmundsdóttir

Breiðumörk 20

810 Hveragerði

Garðabær, 28.7.2025

Málsnúmer: 202507-0036

IAS

Efni: Umsögn um borun vinnsluholu HS-10 við varmastöð Bláskóga í Hveragerði

Vísað er til erindis frá Hveragerðisbæ, dagsett 17. júlí 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um umsókn Veitna ohf. um borun vinnsluholu HS-10 í Hveragerði.

Til stendur að bora nýja vinnsluholu HS-10 við varmastöð Veitna við Bláskóga í Hveragerði. Holan verður nýtt fyrir hitaveitu bæjarins. Borhola HS-10 er staðsett fyrir aftan Bláskóga 10 þar sem Veitur eru með aðstöðu. Holan verður staðsett um 30 m sunnan við holu HS-08, helstu vinnsluholu hitaveitunnar. Holan og athafnasvæði í kringum hana er á landi í eigu sveitarfélagsins.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um matskyldufyrirspurn framkvæmdarinnar þann 30. apríl síðastliðinn, sjá [hér](#), og ítrekar hér að stofnunin telur mikilvægt að gerða sé plöntuskráning innan og í nálægð við framkvæmdasvæðið áður en framkvæmdir hefjast til að koma í veg fyrir rask á búsvæðum friðaðra válistaplantna. Þá er æskilegt að efla vöktun í Varmá á meðan á framkvæmdum stendur.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur